

Ed.

177. Frumvarp til laga

[127. mál]

um breyting á lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 8 22. mars 1972.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976.)

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. komi svofelld viðbót:

„Eigi er þó heimilt að leggja fasteignaskatt á fasteignir, fyrr en þær hafa verið teknar til afnota eða eru fullgerðar.“

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða:

„Á árinu 1977 er ekki heimilt að hækka gjöld af fasteignum umfram það, sem leyfilegt hefði verið samkvæmt aðalmati fasteigna er gildi fyrir 31. desember 1976, að viðbættu 236% álagi. Heimild þessi tekur til notkunar fasteignamatsins til ákvörðunar gjalda til sveitarfélaga á árinu 1977, sem reiknuð eru sem hlutfall af fasteignamati.“

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1977.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Gengin eru í gildi ný lög um skráningu og mat fasteigna, lög nr. 94/1976. Samkvæmt þessum nýju lögum verða mannvirki í byggingu að jafnaði metin einu sinni á ári miðað við ásigkomulag þeirra þá, í stað þess að verða tekin í mat þegar þau eru fullgerð eins og ákveðið er í 21. gr. hinna eldri laga um fasteignamat og fasteignaskráningu, nr. 28/1963. Af þessum sökum getur risið nokkur vafi um skyldu til greiðslu fasteignaskatts af húsum í byggingu, eftir að nýtt fasteignamat hefur tekið gildi. Því þykir nauðsynlegt að taka af skarið um þetta með því að bæta við 1. mgr. 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 8/1972 svofelldu ákvæði: „Eigi er þó heimilt að leggja fasteignaskatt á fasteignir, fyrr en þær hafa verið teknar til afnota eða eru fullgerðar“. Þetta viðbótarákvæði þýðir í rauninni það eitt, að fyrrnefnd regla 21. gr. laga nr. 28/1963, eins og hún hefur verið notuð í framkvæmd, verður hér eftir lögð til grundvallar álagningu fasteignaskatts sem hingað til.

Um 2. gr.

Hið nýja fasteignamat felur í sér verulegar hækkanir á fyrra fasteignamati, sbr. auglýsingu fjármálaráðuneytisins um nýtt fasteignamat, dags. 9. desember 1976. Samkvæmt gildandi lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 8/1972. 2. mgr. 3. gr. staflið a og b, er skylt að miða fasteignaskatt við ½% og 1% af gildandi fasteignamati, eins og það er á hverjum tíma. Heimilt er þó sveitarstjórn að innheimta álag á fasteignaskatt samkvæmt öðrum eða báðum stafliðum a og b. Álagið má þó ekki vera hærra en 50%, og þarf ekki að vera jafnhátt samkvæmt báðum stafliðum.

Álagður fasteignaskattur á árinu 1977 mundi hækka verulega frá fyrra ári umfram verðlags- og kauphækkanir, ef breyting sú, sem ráð er fyrir gert í þessu bráðabirgðaákvæði nær ekki fram að ganga. Í lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, V. ákv. til bráðabirgða, er gert ráð fyrir því, að fram fari endurskoðun á ákvæðum gildandi laga, sem fasteignamat hefur áhrif á, bannig að samþykkt þeirra laga valdi ekki breytingum á gjöldum af fasteignum. Til þess að fullnægja þessu ákvæði þykir nauðsynlegt að þetta bráðabirgðaákvæði verði sett, og það gildi þar til gagnger endurskoðun á ákvæðum tekjustofnalaganna um fasteignaskatt hefur farið fram á árinu 1977. Með því er stefnt að því, að fasteignaskattar verði ekki hærra á árinu 1977 en þeir hefðu orðið samkvæmt áður gildandi reglum, sbr. auglýsingu um álag á fasteignamat, útgefna af félagsmálaráðuneytinu 12. nóvember 1976.

Jafnframt er gildandi ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga fellt úr gildi.

Um 3. gr.

Parfnast ekki skýringar.